



FUNDARGERÐ

238. fundur Sorpstöðvar Rangárvallasýslu bs
haldinn að Suðurlandsvegi 1-3 , mánudaginn 10. júní 2024
og hófst hann kl. 08:15.

Fundinn sátu:

Eggert Valur Guðmundsson, Nanna Jónsdóttir, Tómas Birgir Magnússon, Hulda Karlsdóttir, Einar Bárðarson, Jón G. Valgeirsson og Anton Kári Halldórsson.

Fundargerð ritaði: Hulda Karlsdóttir, embættismaður.

Dagskrá:

1. Ýmsar upplýsingar úr daglegum rekstri 2024 - 2402060

Farið yfir ýmis rekstrarmál

Framkvæmdastjóri fór yfir ýmis mál tengdum daglegum rekstri SOR. Sumarið er sá árstími sem mesta álagið er á Strönd og sumarstarfsmaður er væntanlegur á næstu dögum. Einar sótti fund 31. maí sl. ásamt formanni Sorpstöðvar Suðurlands á vegum sorpsamlaga á Suðurvesturhorninu þar sem Einar kynnti starfsemi SOR.

2. Þjónustusamningur Hringrásar og Sorpstöðvar Rang. - 2406013

Lagður fram þjónustusamningur á grundvelli niðurstöðu verðkönnunar milli Hringrásar og SOR.

Stjórn samþykkir samninginn og felur framkvæmdastjóra að undirrita hann f.h. SOR.

3. Sorpbrennslustöð - Sorporka ehf. - 2312018

Fyrir liggur viljayfirlýsing um samstarf Sorpstöðvar Rangárvallasýslu b.s og Sorporku ehf um uppbyggingu á sorpbrennslu á Strönd í Rangárvallasýslu.

Í viljayfirlýsinguinni felst að Sorporka ehf fær vilyrði fyrir því að hefja vinnu við að koma upp allt að 2.500 tonna brennslustöð fyrir blandaðan úrgang á Strönd. Yfirlýsingin gerir ráð fyrir að Sorporka ehf sjái um stofnkostnað og viðhald en SOR um daglegan rekstur. Fjárhagsleg ábyrgð SOR snýr að uppbyggingu innviða og aðstöðusköpun á Strönd. Ef samningar milli aðila að þessari viljayfirlýsingu hafi ekki tekist fyrir lok ársins 2024 fellur hún úr gildi.

Stjórn samþykkir fyrirbyggjandi viljayfirlýsingu og felur framkvæmdastjóra að undirrita hana.

4. Fundargerðir Sorpstöðvar Suðurlands 2024 - 2404105

326. stjórnarfundur Sorpstöðvar Suðurlands lagður fram til kynningar

Lagt fram til kynningar

K. B.
273

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 09:30.



Eggert Valur Guðmundsson



Nanna Jónsdóttir



Tómas Birgir Magnússon

Elma Beneda



Alma Halldórsson

Houela Kurlsd.